

Mýrdalshreppur  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Selfoss, 1.11.2023  
UST202301-256/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. ágúst 2023 - Urðunarstaður Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk**

Þann 1. ágúst sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Útistandandi eru fimm eldri frávik. Tvö frá reglubundnu eftirliti ársins 2021 er varða skráningar innra eftirlits og skilum á niðurstöðum skráninga. Þrjú frá reglubundnu eftirliti ársins 2019 er varða skilum á skráningum, aðgengilegri viðbragðsáætlun og að lokum takmörkun aðgangs að urðunarstað.

Óskað var eftir úrbótaáætlun vegna útistandandi frávika síðasta eftirlits, og átti að hafa borist eftirlitsaðila fyrir 17. desember 2021. Þeirri úrbótaáætlun er enn óskilað.

### **Ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Taka þarf til á urðunarsvæðinu norðan Þjóðveggar 1 og allt rusl fjarlæggt sem borist hefur inn á urðunarstaðinn vegna losunar sem hefur átt sér stað í óleyfi og tryggja að aðgangur að svæðinu sé takmarkaður.

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Aðgangur að urðunarstað skal vera takmarkaður. Hlið að urðunarstað norðan Þjóðveggar voru ekki læst þegar eftirlit fór fram og sjáanlegt að losun hefur átt sér stað í óleyfi vegna ótakmarkaðs aðgangs.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Ekki liggja fyrir skráningar frá síðasta rekstrarári.
3. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2022 hafa ekki borist eftirlitsaðila.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. nóvember 2023**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur